**Fundargerð**

**489. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps**
**haldinn í fundaraðstöðu Skaftárhrepps Klausturvegi 4**
**miðvikudaginn 8. mars 2023, kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**
Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 13.00.

**Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

1. 2302055 - Reglur um refa- minkaveiði.

   *Lagðar fram reglur vegna refa- og minkaveiði innan Skaftárhrepps.*

   **Sveitarstjóri lagði fram drög af reglum vegna refa- og minkaveiða. Um vinnugögn er að ræða og voru þau lögð fram til kynningar. Oddvita falið að funda með núverandi veiðiréttarhöfum, vegna grenjavinnslu.**

2. 2302058 - Skipting sveitarfélagsins í veiðisvæði vegna grenjavinnslu.

   **Sveitarstjóri lagði fram drög að skiptingu sveitarfélagsins í veiðisvæði vegna grenjaveiði. Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að fjölga og minnka landsvæði sem tilheyrir hverju svæði fyrir sig og leggi fyrir sveitarstjórn að nýju.**

3. 2302054 - Lántaka

   *Lögð fram tillaga um að taka 50 milljónir að láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga.*

   **Sveitarstjóri lagði fram lánatilboð frá Lánasjóði sveitarfélaga. Er lánið með loka gjalddaga 20. febrúar 2039 og fyrsta afborgunardag höfuðstóls, 1. september 2024. Lánið ber 3,15% vexti.**
   **Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 50.000.000,- , með lokagjalddaga þann 20. febrúar 2039. Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.**
   **Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.**

**Jafnframt er Einari Kristján Jónssyni, sveitarstjóra kt. 150371-5119 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Skaftárhrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.**

4. 2302053 - Kaup á slökkvibifreið

   *Lögð fram tillaga um að kaupa nýja slökkvibifreið að gerðinni MAN 18.320 4X4*

   **Oddviti lagði fram tillögu þess efnis að Skaftárhreppur myndi kaupa nýja slökkvibifreið að gerðinni MAN 18.320 (TLF 5000) 4x4 af fyrirtækinu Feuerwehrtechnik Berlín.**
   **Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu oddvita um kaup á nýrri slökkvibifreið fyrir Slökkvilið Skaftárhrepps. Sveitarstjórn telur að mikið framfaraskref sé tekið með kaupum á nýrri slökkvibifreið fyrir sveitarfélagið.**

   **Er Bjarka V. Guðnasyni, slökkviliðsstjóra falið að ganga frá þessum viðskiptum, jafnframt er Bjarka falið að selja núverandi slökkvibifreið, þegar nýja bifreiðin hefur verið afhent til notkunar.**

5. 2302057 - Bergrisinn bs.

   *Lagðar fram samþykktir Bergrisans bs. til fyrri umræðu í sveitarstjórn.*

   **Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagðar samþykktir og vísar þeim til seinni umræðu í sveitarstjórn**

**Fundargerðir til kynningar**

6. 2303001 - Menningarmálanefnd Skaftárhrepps.

   *Lögð fram fundargerð, frá 23. febrúar 2023*

   **Lagt fram til kynningar.**

7. 2302050 - Bergrisinn bs.

   *Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar, frá 20. febrúar 2023.*

   **Lagt fram til kynningar.**

8. 2302051 - Bergrisinn bs.

   *Lögð fram fundargerð 51. fundar stjórnar, frá 31. janúar 2023.*

   **Lagt fram til kynningar.**

BHS ORS
AG J.G.
Sh.

9. 2302056 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.
*Lögð fram fundargerð 70. fundar stjórnar, frá 27. febrúar 2023.*
**Lagt fram til kynningar.**

10. 2302047 - Samtök orkusveitarfélaga.
*Lögð fram fundargerð 55. fundar stjórnar, frá 27. janúar 2023.*
**Lagt fram til kynningar.**

11. 2302048 - Samtök orkusveitarfélaga.
*Lögð fram fundargerð 56. fundar stjórnar, frá 17. febrúar 2023.*
**Lagt fram til kynningar.**

12. 2302049 - Samtök orkusveitarfélaga
*Lögð fram fundargerð 57. fundar stjórnar, frá 22. febrúar 2023.*
**Lagt fram til kynningar.**

13. 2302046 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.
*Lögð fram fundargerð 591. fundar stjórnar, frá 13. janúar 2023.*
**Lagt fram til kynningar.**

**Mál til kynningar**

14. 2302052 - Mennta- og barnamálaráðuneytið.

*Lagt fram kynningarbréf vegna fundaraðar í mars til maí 2023 um áframhaldandi vinnu um úthlutun og ráðstöfun fjármagns til grunnskóla svo að það styðji betur við starfshætti sem stuðla að menntun fyrir alla.*

**Lagt fram til kynningar.**

Fleira ekki gert,
Fundi slitið kl. 14.40

Jóhannes Gissurarson

Björn Helgi Snorrason

Gunnar Pétur Sigmarsson

Auður Guðbjörnsdóttir

Sveinn Hreiðar Jensson